

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

### *29. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 8. desember 2011, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fjárhagsáætlun 2012, fyrri umræða.
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 21. nóv.
4. Drög að friðlýsingu, Seljahjallagils, Bláhvamms, Prengslaborga og nágrennis.
5. Erindi frá Lionsklúbbi Húsavíkur, styrkbeiðni, var frestað á fundi 10. nóv.
6. Greið leið ehf. tilkynning um forkaupsrétt að hlutum í félaginu.
7. Erindi frá Þingeyjarsveit v/svæðisskipulagsnefndar.
8. Kostnaður v/leikskólabyggingar.
9. Skýrsla starfshóps Vatnajökulsþjóðgarðs v/Vikrafellsleiðar.
10. Styrkumsóknir.

#### Til kynningar.

Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga.

Fundargerð Heilbrigðisnefndar Heilbrigðiseftirlits Ne. dags. 9. nóv.

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. Sveitarfélaga dags. 28. okt.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 7. okt.

Skýrsla Slægjufundarnefndar.

Fundargerð samráðshóps um samstarf Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps dags. 15. nóv.

Bréf UMFÍ dags. 29. nóv.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

### 2. Fjárhagsáætlun 2012, fyrri umræða.

Minnisblað.

Fjárhagsáætlun 2012.

Helstu forsendur

- 1) Útsvar verði 14,48%.
- 2) Reiknað er með 5% hækkun rekstrargjalda.
- 3) Reiknað er með 3% hækkun launakostnaðar.
- 4) Gert er ráð fyrir einhverjum samdrætti í rekstri sveitarfélagsins.
- 5) Gert er ráð fyrir að tekjur sveitarfélagsins hækki um 5%.
- 6) Áfram verður haldið við endurnýjun á lögnum veitnanna.
- 7) Gjaldstofnar eru þegar fullnýttir. Almennt verða gjaldskrár hækkaðar um 5% nema gjaldskrá fyrir sorp sem hækkar um 15%.  
Ráðgerð er töluverð hækkun á gjaldskrá hitaveitunnar en ekki ljóst á þessu stigi hver hún verður í prósentum talið.
- 8) Enn sem fyrr þarf að fylgjast vel með rekstrinum.

Fjárfestingaáætlun, endurnýjaður „server“ og ljósritunarvél á skrifstofu kr. 1,2 millj.

Áætluð lántaka vegna endurnýjunar á hitaveitu kr. 30. millj.

Áætluð lántaka vegna viðbyggingar á Múlavegi 1, 25. millj.

Fjárhagsáætluninni er vísað til síðari umræðu.

### 3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 21. nóv.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er tekið fyrir erindi frá Pétri Snæbjörnssyni f.h. Graddabungu ehf. þar sem óskað er eftir að tengja skemmu sem stendur við gömul útihús í Reynihlíð, við veitukerfi hreppsins. Pétur og Eyrún véku af fundi nefndarinnar undir þessum lið. Skipulags- og umhverfisnefnd beinir því til sveitarstjórnar að verða við erindinu. Í þriðja lið er farið yfir athugasemdir við aðalskipulagið og þær afgreiddar. Í fjórða lið tekur nefndin fyrir drög að nýrri skipulagsreglugerð og gerir ekki athugasemdir við þau. Í fimmta lið beinir nefndin því til sveitarstjórnar að við gerð fjárhagsáætlunar 2012 verði gert ráð fyrir verulegri hækkun á gjaldskrá hitaveitunnar til að mæta kostnaði við endurnýjun á veitunni. Þá er því beint til sveitarstjórnar að vinnu við umhverfisstefnu sveitarfélagsins verði lokið sem fyrst. Og í lok fundargerðarinnar er því beint til sveitarstjórnar, í ljósi umfjöllunar um leyfismál í ferðaþjónustu á landinu að kannað verði með stöðu þessara mála í Mývatnssveit í samvinnu við sýslumannsembættið á Húsavík.

Sveitarstjórn samþykkir annan lið fundargerðarinnar. Varðandi fimmta lið fundargerðarinnar mun sveitarstjórn fara yfir hækkun á gjaldskrá hitaveitunnar með tilliti til kostnaðar við endurnýjun veitunnar.

Umhverfisskýrsla vegna endurskoðunar aðalskipulagsins mun liggja fyrir innan tíðar. Í framhaldi af því mun vinna við umhverfisstefnu sveitarfélagsins hefjast. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

**4. Drög að friðlýsingu, Seljahjallagils, Bláhvamms, Þrengslaborga og nágrennis.**

Fyrir fundinum liggja drög að auglýsingu um friðlýsingu Seljahjallagils, Bláhvamms, Þrengslaborga og nágrennis. Í fyrstu gr. er tekið fram að umhverfisráðherra hafi ákveðið að tillögu landeigenda jarðarinnar Grænavatns að leggja nefnda friðlýsingu til. Hið friðlýsta svæði er áætlað rúmir 2100 ha. að stærð.

Sveitarstjórn frestar að taka afstöðu til erindisins þar sem ekki fylgir erindinu samþykki landeigenda Grænavatns fyrir friðlýsingunni.

**5. Erindi frá Lionsklúbbi Húsavíkur, styrkbeiðni, var frestað á fundi 10. nóv.**

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var frestað að taka fyrir erindi frá Lionsklúbbi Húsavíkur þess efnis að styrkja forvarnarstarf um skimun vegna ristilkrabbameins. Verkefnið er hugsað til næstu fimm ára og unnið í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Hugmyndin er að bjóða öllum íbúum á svæði HP fæddum 1957 ókeypiss ristilspeglun sem framkvæmd verður af meltingarsérfræðingi á HP. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 50. þúsund á ári til næstu þriggja ára.

**6. Greið leið ehf. tilkynning um forkaupsrétt að hlutum í félaginu.**

Í bréfi dags. 18. nóvember kemur fram að Greiðri leið ehf hafi borist ódagsett bréf frá Frumkvöðli ehf. þar sem félagið tilkynnir að hlutur félagsins í Greiðri leið ehf hafi verið færður til Thule Engla ehf og þess jafnframt getið að þar sem framsalið sé innan samstæðu og undir stjórn sömu aðila veki þessi tilfærsla ekki upp forkaupsréttarákvæði eða önnur ákvæði um hömlur á framsali hluta í félaginu. Stjórn Greiðrar leiðar ehf fundaði um erindi Frumkvöðuls ehf og telur að viðskipti Frumkvöðuls ehf og Thule Engla ehf með kr. 100.000,- hlut í Greiðri leið ehf falli undir forkaupsréttarákvæði 7. gr. samþykpta félagsins. Með bréfinu er hluthöfum gefin kostur á að nýta sér forkaupsrétt að nefndum hlut í hlutfalli við hlutfjáreign í félaginu.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps mun ekki nýta sér forkauprétt að nefndum hlut.

**7. Erindi frá Þingeyjarsveit v/svæðisskipulagsnefndar.**

Með bréfi dags. 24. nóvember vekur sveitarstjórn Þingeyjarsveitar athygli á því að skipa þurfi í sameiginlega svæðisskipulagsnefnd sveitarfélagana Þingeyjarsveitar, Norðurþings og Skútustaðahrepps, vegna gildandi Svæðisskipulags háhitasvæðanna í Þingeyjarsýslum. Þá er í bréfinu bent á að sveitarfélögin þurfi að loknum sveitarstjórnarkosningum að skipa í sameiginlega nefnd a.m.k. á meðan eitthvert svæðisskipulag er í gildi.

Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúar Skútustaðahrepps verði Margrét Hólm Valsdóttir og Guðrún María Valgeirsdóttir.

**8. Kostnaður v/leikskólabyggingar.**

Vegna villandi umræðu um kostnað við viðbyggingu við leikskólann að Hlíðavegi 6 er eftirfarandi komið á framfæri.

Kostnaður vegna viðbyggingarinnar var áætlaður kr. 5-7 milljónir. Heildarkostnaður við bygginguna nemur nú kr. 7.011.420. Eini kostnaðurinn sem út af stendur er að skipta þarf um plötur á sökkli hússins og fylla að því. Um óverulegan kostnað vegna þessa er að ræða.

**9. Skýrsla starfshóps Vatnajökulshjóðgarðs v/Vikrafellsleiðar.**

Í skýrslunni eru lagðir til tveir kostir, annars vegar að leiðin verði opin, og hins vegar lokuð. Þá er þess getið að ekki er gert ráð fyrir vegi um Vikrafellsleið í endurskoðuðu aðalskipulagi Skútustaðahrepps en allir vegir innan þjóðgarðs þurfa að fara í gegnum lögformlega aðalskipulagsmeðferð. Í athugasemdaferli við verndaráætlun Vatnajökulshjóðgarðs óskaði sveitarstjórn eftir rökstuðningi fyrir því að nefnd leið yrði lokuð. Svarið sem barst var á þá leið að það væri á mörkunum að leiðin norðan Dyngjufjalla væri slóð.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps mælir eindregið með því að Vikrafellsleið verði opin eins og lagt er til í ályktun B í skýrslu starfshópsins.

Þá er gert ráð fyrir að Vikrafellsleið verði tekin inn á aðalskipulagsupprátt sveitarfélagsins.

**10. Styrkumsóknir.**

Töluverðar umræður urðu um hvort sveitarfélagið ætti að eyrnamerkja ákveðna upphæð sem móttframlag við styrkumsóknir t.d. til Ferðamálastofu, og hvernig haga beri þeim málum.

Fleira ekki gert.  
Fundí slitið.  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétursson,  
Karl Emil Sveinsson,  
Eyrún Björnsdóttir,  
Friðrik K. Jakobsson.